

**Kyn og kreppa- hvar finnast leiðir til aukins jafnréttis? Norræn ráðstefna, Reykjavík 26.9.2009****KYN OG KREPPA – ÁSKORANIR FYRIR JAFNRÉTTISBARÁTTUNA**

„Minna en einu ári eftir útgáfu fyrstu norrænu hnattvæðingarúttektarinnar 2008, hefur fjárhagsstaðan í heiminum breyst gífurlega. Nú ríkir djúp efnahagskreppa sem hætt er við að valdi stöðnun í efnahagslífi ríkja heims, í fyrsta sinn í nútímanum. Nokkrar af fyrri dýfum í hagsveiflu og fjárhagshrun hafa í sjálfu sér haft alþjóðleg áhrif en þetta er tvímælalaust fyrsta raunverulega alheimskreppan sem hefur áhrif á efnahagskerfi á heimsvísu. Þetta vekur upp margar langtíma spurningar um hnattvæðingu, um starfsemi markaðanna og hvað Norðurlöndin geta lært af kreppunni. Á sama tíma og kreppan dýpkar, vakna svo enn meira aðkallandi spurningar um hvað sé hægt að gera núna til að stöðva niðursveifluna.”

Svona byrjar skýrslan *Global press – nordiska lösningar? – Nordisk globaliseringsbarometer 2009* (Alheimsþrýstingur-norrænar lausnir?- Norræn hnattvæðingarskýrsla 2009) skrifuð af Christian Ketels, hagfræðingi/rannsakanda við Harvard Business School og Viðskiptaháskólann í Stokkhólmi.

Skýrslan leggur áherslu á alþjóðlegt samkeppnishæfi Norðurlandanna, orku, umhverfi og fjármálakreppuna.

Fyrsta hnattvæðingarskýrslan var kynnt á fysta hnattvæðingarþinginu í apríl 2008 á Riksgränsen í Svíþjóð. Í skýrslunni voru skilgreind þau svið þar sem Norræn samvinna getur haft veruleg áhrif, en þau eru: svæðisbundin samþætting markaða, alþjóðleg forysta á sviði vísinda, mikill mannauður, byggðapróun, skýrari framsetning af verðmætaframboði Norðurlandanna ásamt með staðreyndabundinni greiningu á hnattvæðingunni. Í skýrslunni var einnig kafli um kynjajafnrétti.

Í kaflanum um samkeppnishæfi Norðurlandanna lýsir Ketels því að það sé mikilvægt að staðgreina og staðfesta styrkleika. Hvorki hafi verið sett fram almenn stefna í hverju Norðurlandi fyrir sig né á Norðurlöndunum í heild. Í skýrslunni er lýst ýmsum mikilvægum einkennum sem aðskilja svæðið frá öðrum heimshlutum. Þar er að finna tilvísanir til þess að hvaða leyti Norðurlöndin heyri til leiðandi landa í veröldinni. Talin eru upp 5 möguleg svið: Nýsköpun, tilraunamarkaður, fjarskipti, umhverfisvernd og jafnrétti kynja. Ketels segir að löndin þurfi að þróa og skilgreina styrkleika sína til að styrkja og skýra stöðu sína í alheimshagkerfinu og hann segir að Norðurlöndin standi þegar vel að vígi á sviði jafnréttis og umhverfismála. En vandinn liggir í að nota þessa styrkleika betur til fjárhagslegs ávinnings.

Það er áhugavert að í skýrslunni frá 2009 er umræðan á þá leið að Norðurlöndin eigi að staðsetja sig á umhverfis og orkusviði, en þar hafi þau mikla möguleika á að hasla sér völl sem leiðandi ríki á heimsvísu, og möguleikar séu á miklum vexti í framtíðinni. Þrátt fyrir að Ketels hafi á árinu 2008 litið svo á að kynjajafnrétti væri eitt þeirra sviða þar sem Norðurlöndin gætu verið í fararbroddi þá nefnir hann þetta ekki í skýrslunni núna. The Gender Gap Index (Kynjabils kvarðinn) frá 2008 sýnir að 4 Norðurlandanna voru í efstu sætunum,

Noregur efst og Danmörk hafði færst upp um eitt sæti í það 7. Árið 2008 benti Ketels á að Norðurlöndunum hefði enn tekist að styrkja stöðu sína varðandi jafnrétti kynjanna þó þau væru þegar í toppsætunum. Taflan sýnir þróunina á fjórum sviðum, þátttöku í viðskiptalífinu, stjórnómáleg áhrif, aðgang að fjármagni, menntun, heilbrigðisþjónustu og velferð.

Jafnrétti – jafnræði voru talin til hinna 8 skýru grundvallargilda sem Norðurlöndin standa fyrir og þau tengjast hvort öðru líka. Þeim er lýst í fyrstu skýrslu Ráðherraráðs Norðurlandaráðs um heimsvæðingu og samkeppni.

”Líkindin felast í þeirri grundvallarafstöðu að hver einstaklingur sé einstakur og eigi að meðhöndlast af virðingu. Þegar meginforsendan er sú að hver manneskja sé sérstök, þýðir það, að allar manneskjur eru jafn sérstakar og að allir hafa rétt til virðingar og umhyggju. Hugsjónin um jöfnuð og jafnvirði er bakgrunnur Norrænu verferðarsamfélaganna, að allir séð í samhengi við önnur ríki veraldar- eigi þéttriðið félagslegt öryggisnet að baki sér. Norræna velferðarmódelið einkennist af greinilegri alheimshyggju, meðvitaðri útskúfun einkarekinna velferðarstofnana og tilhneigingu til að ríkið taki yfir verkefni, sem samkvæmt venju hafa hvílt á fjölskyldum. Það hefur m.a. aukið möguleika kvenna á þátttöku í félags- og atvinnulífi ” (Norden som en global vinderregion, 2006).

Á Norðurlöndum segjum við:

- við sjáum um hvort annað (jafnræði)
- treystum á hvort annað (traust)
- mætumst í augnhæð (lítil valdsmunur)
- viljum hafa alla með (almenn þátttaka)
- könnum umhverfið og aðlöguð okkur að því (sveigjanleiki)
- látum okkur annt um náttúruna í dag og á morgun (virðing fyrir náttúrunni)
- finnum tilgang með vinnu okkar (vinnusiðfræði mótmælenda)
- metum hið einfalda og samstillta að verðleikum (fagurfræði)

Jafnréttisstefna Norðurlandanna hefur leitt til þess að bæði körlum og konum er mögulegt að taka þátt í atvinnulífinu og að fjölskyldum með börn er gert mögulegt að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Norðurlöndin sem heild og hvert fyrir sig hafa í 35 ár, með Norræna ráðherraráðið sem umgjörð, unnið saman að jafnréttismálum. Á þessum árum hefur umræðan, út frá mismunandi sjónarmiðum, snúist um hvernig fjölskyldurnar, konur og karlar, geti samræmt vinnu og fjölskyldulíf. Á 8. áratugnum var rætt um hvernig konur gætu samræmt fjölskyldulíf og vinnu og á 10. áratugnum lögðu Norrænu jafnréttisráðherrarnir áherslu á hvernig mennirnir/pabbarnir gætu samræmt vinnu og fjölskyldulíf. Norræn jafnréttisstefna er einn af hornsteinum hinnar Norrænu velferðar og hárrar fæðingartíðni og gerir öllum mögulegt að taka þátt í atvinnulífinu og stjórnámálum.

Síðan haustið 2008 höfum við öll getað lesið í dagblöðum, enda varla um annað fjallað í íslenskum, finnskum eða sænskum dagblöðum, ókeypis norskum og dönskum fréttablöðum eða kvöldblöðum, um hvernig kreppan hefur haft áhrif á okkur öll, banka, iðnað, stjórnmal og börn. Sífelldar fréttir af kreppunni verða til þess að fólk fer að spara, hætta neyslu. Þetta leiðir til niðurskurðar í iðnaði, sem leiðir aftur til uppsagna og aukins atvinnuleysis og nýrra pólitískra ákvarðana. Niðurstaðan verður sú að kreppan skellur á okkur hér og nú.

Í fréttum í Danmörku var fjallað um fyrirtæki á Jótlandi, þar sem forstjórinn klippti út allar greinar um kreppuna í dagblöðum sem fyrirtækið var áskrifandi að áður en hann setti þau inn á kaffistofu starfsmanna. Blöðin urðu eins og þunn snifsi, það voru ekki margar fréttir eftir.

Honum fannst allar þessar fréttir gera starfsmennina niðurdregna og hann vildi ekki að þeir misstu viljann til að vinna og lífsgleðina.

Á 10. áratugnum upplifði Finnland bæði niður- og uppsveiflu, sem varð að verstu efnahagskreppu aldarinnar. Þjóðartekjur minnkuðu um 20%, bankakerfið, hornsteinn efnahagsins, varð gjaldþrota. Eina lausnin var stuðningur frá ríkinu. Atvinnuleysi, sem hafði verið með því lægsta í OECD ríkjunum árið 1990 tvöfaldaðist og var orðið 17% árið 1994, sem, á eftir Spáni, var hæsta atvinnuleysisprósenta í löndunum. Fylgifyskur atvinnuleysisins var mikil kostnaðaraukning í félagslegri þjónustu í 35% af landsframleiðslu, en hafði áður verið lægri en meðaltalið í ESB löndunum. Finnland breyttist, súpu var deilt út á torgum og landið fékk mataraðstoð frá ESB.

Eftir 1994 (en þá var Nordiskt Forum haldið í Finnlandi) tók efnahagurinn að rétta sig við. Efnahagslegur bati var hraður, bara Írland gat sýnt betri tölur. En þessi hraði efnahagsbati vakti upp ýmis undrunarefni.

Atvinnuleysið minnkaði ekki. Hvað olli því???

Ein af þeim skýringum sem hvað mest var haldið á lofti var að félagsleg aðstoð væri svo góð að fólk vildi ekki vinna. Ríkisstjórnir 10. áratugarins fóru jafnvel að grípa til aðgerða til að draga úr félagslegri aðstoð. En sannleikurinn var sá að endurskipulagning vinnumarkaðarins var svo umfangsmikil að atvinnulaust eldra fólk, með litla menntun, þótti ekki spennandi kostur. Í Finnlandi skildi á milli eldri og yngri kynslóða á þann hátt að þær yngri voru með þeim best menntuðu í Evrópu á meðan eldri kynslóðir voru með þeim minnst menntuðu. Gjaldþrot svo margra fyrirtækja ollu miklu atvinnuleysi, sem aftur hafði mikið langtímaatvinnuleysi í för með sér.

Efnahagskreppa 10. áratugarins breytti viðhafi Finna til lands síns. Margar spurningar vöknudu um það sem áður var talið sjálfsgagt. Bankahrunið varð til þess að fólk missti traust á fjármálakerfinu. Kreppan í ríkisfjármálum sýndi fram á að segja mátti upp einhliða þeim félagslegu úrræðum sem fólk treysti á. Þetta varð til þess að fólk missti traust á þeim sem tóku ákvarðanirnar. Eftir kreppuna var mjög mikilvægt að kanna og rannsaka hvernig hver og einn upplifði öryggi og traust og óöryggi og vantraust.

Rannsóknir hafa beinst að skuggahliðum kreppunnar og vímuáhrifum uppsveiflunnar, hvernig fólk upplifði hverdaginn, hverjir unnu, lifðu af, byrjuðu upp á nýtt og hverjir urðu undir, misstu allt og hurfu. Í Finnlandi í dag eru bæði til rannsóknarniðurstöður, blaðagreinar, skýrslur og bækur sem lýsa hvernig fólk lifði kreppuna af eða því hvernig það tapaði öllu, blómstrandi fyrirtækjum, af því að þau gátu ekki greitt af bankalánnum, veð dugðu ekki og vinnan gaf ekki öruggar mánaðarlegar tekjur.

Rannsóknarskýrslurnar sýna að þeir sem töpuðu mestu voru langtímaatvinnulausir. Það hefur sýnt sig að meirihluti þeirra var eldra fólk án menntunar og flest af þeim fædd í lok 5. áratugarins og í byrjun þess 6. Í upphafi 10. áratugarins var stefnt að því að setja þetta fólk á eftirlaun og greiða þeim sanngjarnar bætur þar sem kreppan bitnaði mun harðar á þeim en öðrum. Til að komast á eftirlaun fyrir eftirlaunaaldur þarf einstaklingur venjulegast að vera veikur eða hafa verið á vinnumarkaði í langan tíma fyrir kreppuna á 10. áratugnum. Flestir langtímaatvinnulaura byrjuðu strax að vinna 15-16 ára. Í dag er stefnan sú að virkja þennan markhóp, þá langtímaatvinnulausu, þeir sem hafa verið atvinnulausir í tvö ár fá styrk til að komast aftur á vinnumarkaðinn. Rannsakendur telja að það ætti að reyna að virkja þá á atvinnuleysisstímabilinu ekki bíða þar til hætt er að greiða atvinnuleysisbætur og

vinnumarkaðsstuðningurinn byrjar. Lagt er til byrjað verði að reyna að virkja fólk þegar í upphafi atvinnuleysis, það gefi mesta möguleika á því að komast aftur inn á vinnumarkaðinn.

Í upphafi skall bankakreppan í Finnlandi á 10. áratugnum harðar á mönnum en konum. Menn unnu í þungiðnaði, járn-, pappírs- og skipaiðnaði. Iðnaðarfyrirtækin sögðu upp fólki í kjölfar efnahagskreppunnar þegar þau urðu gjaldþrota. Kreppan bitnaði seinna á konunum. Það var vegna stefnu ríkisins um niðurskurð til hins opinbera, sem leiddi til fækkunar starfa á opinberum vinnustöðum, s.s. sjúkrahúsum, skólum, dagheimilum, og annars staðar þar sem konur eru meirihluti starfsmanna. Í upphafi 10. áratugarins voru flestir bankastarfsmenn konur og margar þeirra urðu atvinnulausar. Þegar kreppunni lauk hafði bönkum fækkað til muna og vinnustöðum þar með. Þegar uppsveiflan hófst á ný eftir 1994, urðu til störf fyrir karlmenn, meðan störf hjá hinu opinbera og í bönkum skiluðu sér ekki.

Kreppan í Finnlandi í dag er allt öðru vísi þar sem efnahagsstaðan í landinu er allt önnur. Bankakerfið er ekki í kreppu og heimilin eru ekki yfir skuldsett. Ástæðan fyrir kreppunni í Finnlandi í dag er að iðnaðurinn er í efnahagslægd þar sem útflutningur hefur nær lagst af og það hefur leitt til fjöldauppsagna í iðnaði og eru karlar meirihluti atvinnulausra. Finnska stjórnin hefur nú ákveðið að taka 13 milljarða lán í € til að tryggja endurreisn finnska efnahagskerfisins í stað þess að skera niður samfélagskostnað eins og gert var á 10. áratugnum. Þetta er há fjárhæð þegar litið er til þess að ársframléiðsla ríkisins nemur 49 milljörðum €. Í dag er ekki enn hægt að sjá fyrir hver áhrif kreppunnar á ýmsa þjóðfélagshópa koma til með að verða. Almennt má segja að þeir sem fyrst verða fyrir bardinu á efnahagskreppu eru þeir sem vinna hálf dags störf, eru ráðnir til skamms tíma og þeir sem eru nýjastir á vinnumarkaðinum, oft ungt fólk.

Kreppan á 10. áratugnum bitnaði mismunandi illa á ólíkum hópum. Sérstaklega hefur staða atvinnulausra versnað síðan 1995. Þeir sem tapað hafa mestu eru þeir sem fá framfærslu. Áður voru greiddar tekjutengdar atvinnuleysisbætur í Finnlandi, húsnæðisstyrkur fyrir þá sem voru ekki á vinnumarkaði og framfærsla eftir þörfum fyrir þá allra verst settu. Í dag virðast ætla að verða tvö kerfi í gangi: tekjutengdar atvinnuleysisbætur og framfærsla. Sá hópur sem harðast varð úti í byrjun 10. áratugarins var ungt fólk. Frá 1990-1994 lækkuðu tekjur fólks undir 20 ára um 50% og undir 30 ára um 30%. Tekjulækkun annarra hópa var um 10%. Samanborið við aðra hópa er ljóst að tekjur ungmenna eru enn lægri.

Á 9. og 10. áratugunum var ekki rætt svo mikið um neysluvenjur ungs fólks, en í lok þess 10. jókst áhugi jölmíðla á neyslumynstri ungmenna. Þeir sem eru undir 30 ára nota um 35% tekna sinna í frístundaiðju og megnið af þeim fer til kaupa á tölvubúnaði. Bilið milli hinna ungu eykst, þ.e. milli vinnenda og tapenda og þessi samsetning, ásamt því að unga fólkið verður æ meðvitaðra um þennan mismun gerir það að verkum að margt ungt fólk leitar í öfgahópa, bæði til hægri og vinstri. Rannsóknir sýna einnig að meiri hætta er á að börn atvinnulausra foreldra verði atvinnulaus eða á einhvern hátt utangarðs.

Í samantekt Alþjóða efnahagsráðsins um kynjabilið er bent á að efnahagskreppan eykur þörfina fyrir jafnrétti kynjanna.

“Fleiri konur í áhrifastöðum í stjórnkerfinu og í fjármálastofnunum er nauðsynleg, ekki aðeins til að finna lausnir á núverandi efnahagsmróti heldur til að koma í veg fyrir kreppur í framtíðinni. Hjá Alþjóða efnahagsráðinu er aðaláherslan á að takast á við þetta viðfangsefni með fjölbhagsmunalegri nálgun í gegnum okkar alþjóðlegu og staðbundnu kynjajafnréttishópa” sagði Klaus Schwab, stofnandi og talsmaður Alþjóða efnahagsráðsins þegar samantekt ráðsins um kynjabilið var gefin út í nóvember 2008.

Í dag þegar efnahagskreppan herjar á löndin okkar er jafnréttisbaráttan í vanda. Jafnréttismálum er alltaf ýtt til hliðar eða gefið minna vægi þegar land á í kreppu. Á stéttarfélagsnámskeiði um komandi árpúsund, í lok 10. áratugarins, spurði kona hvað ætti að gera varðandi hækkun launa í láglaunastörfum sem konur gegna mestmegnis. Lauri Ihalainen, talskona finnsku verkalýðshreyfingarinnar (LO) svaraði „á þessum erfiðleikatímum er ekki svigrúm til að einstakir hópar fái sérmeðferð.“ Þetta er dæmi um þau svör sem fást á tímum kreppu. Annað dæmi er hnattvæðingarskýrsla Ráðherraráðs Norðurlandaráðs frá 2009, sem aðeins nefnir umhverfi og orku, þó að í skýrslu ársins 2008 hafi komið fram að jafnrétti kynja gæti gefið fjárhagslegan ávinning. Þetta sýnir m.e.a.s. greiningarskýrslan *Nýsköpun og margbreytileiki* sem danska ráðuneytið fyrir vísindi, tækni og þróun gaf út árið 2007. Greiningin sýnir að ef þátttaka kvenna í fyrirtækjum eða samtökum er aukin að þá eykst nýsköpun í starfseminni um 110%. Í greiningunni var skoðað hvernig nýsköpun eykst með tilliti til menntunar, þjóðernisuppruna, aldurs og kyns. Í ljós kom að mestu munaði um kynið.

Í dag stendur jafnréttisbaráttan á Norðurlöndum frammi fyrir stórri áskorun. Samkvæmt Gender Gap Index (kynjabils kvarðanum) frá 2008, hafa Norðurlöndin smám saman náð 80% hlut kvenna á við menn, þegar metin er þátttaka þeirra í atvinnulífinu, pólitísk áhrif, aðgangur að fjármagni, menntun, heilbrigðis- og velmegunarkerfi. Þetta samsvarar einnig þeim kynbundna launamun sem verið hefur á Norðurlöndunum síðustu 30 ár. Þegar skoðað er hvernig jafnréttisbaráttan á Norðurlöndum hefur þróast frá 8. áratugnum og síðar, er ljóst að það er kvennahreyfingin og konur á Norðurlöndum sem hafa séð um þróun jafnréttismála í hverju landi fyrir sig. Konurnar hafa mótað það hvernig jafnréttismálum skuli háttað og jafnvel hvað menn skuli gera út frá jafnréttissjónarmiði. Ég trúi því ekki að nokkur maður á Norðurlöndum viti ekki hvernig konur vilji haga jafnréttismálum. Samstarfsáætlun Ráðherraráðs Norðurlandaráðs til 2010 heitir enda *Með áherslu á kyn er takmarkið jafnréttissamfélag*. Norrænu ráðherrarnir vildu hafa kynið í brennidepli svo bæði konur og karlar á Norðurlöndum hafi kyn sitt að útgangspunkti. Stærsta áskorunin í dag er að karlar taki þátt í jafnréttisbaráttunni og þróun jafnréttismála.

Norðurlöndin hafa tekið stór skref fram á við á mörgum sviðum. Ísland hefur oft verið í fararbroddi, sem dæmi má nefna: Vigdís Finnbogadóttir, fyrsta konan sem kosin var forseti, lög um fæðingar- og foreldraorlof, sem eru þau róttækustu í heiminum í dag. Þau gefa föðurnum rétt til 3 mánaða fæðingarorlofs og sá réttur er ekki framseljanlegur til móðurinnar. Þetta hefur leitt til þess að yfir 90% íslenskra feðra nota rétt sinn. Noregur er sér á báti með lög um kynjakvóta í stjórnnum hlutafélaga. Í ríkisstjórn Finnlands eru fleiri konur en í nokkru öðru landi í heiminum. Jafnréttisbaráttan í Danmörku hefur í seinni tíð beinst að ungu fólki, lögð er áhersla á að yngri kynslóðir ræði kynjajafnrétti á leikskólum og í skólum. Svíar leggja mikla áherslu á ofbeldi gegn konum og börnum og núverandi ríkisstjórn tífaldaði fjárframlög til jafnréttismála.

Til að komast áfram í jafnréttisbaráttunni og ef við viljum skapa jafnréttisþjóðfélag, verðum við öll að taka fullan þátt í mótun og framkvæmd jafnréttisstefnu. Okkur verður ekkert ágengt ef ekki bæði konur og karlar taka ábyrgð á því að móta og framfylgja jafnréttisstefnu. Tvö álitamál sem vekja upp miklar tilfinningar og æstar rökræður eru fæðingar- og foreldraorlof og kynjakvóti. Í umræðunni um fjölskyldumál eru ein af aðalrökunum þau að konur eigi að vera heima með börnin af því að þær hafi þau á brjósti og umræðan um kynjakvóta beinist að því að ekki eigi einungis að velja konur af því að þær eru konur. Eftir bakslag í þingkosningum á 10. áratugnum, sögðu rauðsokkurnar í Svíþjóð að konur vilji full laun og helming valda. Þær kröfðust þess að stjórnmalaflokkarnir gripu til aðgerða vegna þess hve konur ættu þar erfitt uppdráttar, annars myndu þær stofna kvennalista. Til að konur fái helmingsvöld verða bæði konur og karlar að taka á sig ný verkefni og afsala sér hluta þeirra

valda sem þau hafa í dag. Í dag hafa konurnar völdin á heimilunum og mennirnir í stjórnmalunum og atvinnulífinu. Til að við getum breytt þessu þurfa konur að gefa körlum svigrúm til að taka meiri þátt í ummönnum og karlar þurfa að deila völdum með konum.

Ruth Sunderland, viðskiptaritstjóri hjá The Observer skrifaði í janúar í ár grein um efnahagskreppuna. Hún byrjar með spurningunni: Ef Lehman Brothers hefðu verið Lehman Sisters, og rekið af konum í stað karla, hefði lausafjárþurrðin þá átt sér stað? Sunderland skrifar að kreppan muni koma til með að bitna harðar á konum í Englandi af því hún bitni á smásöluverslun og þjónustugeiranum. Fyrri kreppan í Englandi á 9. áratugnum bitnaði frekar á körlum en konum þar sem hún hafði mest áhrif í iðnaði og flestar konur unnu fyrir hið opinbera. Í greininni segir að það sem þurfi í dag sé betri blanda á öllum sviðum, fleira fólk úr mismunandi stéttum og af mismunandi þjóðernisuppruna- það snúist ekki bara um kyn. Að þessari niðurstöðu er einnig komist í Norrænu greiningarskýrslunni *Nýsköpun og margbreytileiki*.

Jafnréttismálin þróast í dag í takt við þróun samfélagsins í heild. Ríkisstjórnir og flokkar setja stefnuskrár og vinna aðgerðaáætlanir til að tryggja jafna þáttöku kynja og jafnrétti á öllum sviðum samfélagsins. Þessi verkfæri eru góður rammi utan um skipulagða vinnu í þá átt að auka jafnrétti á Norðurlöndunum.

Það sem veldur því að jafnréttið tekur mörg skref fram á við eru atburðir sem verða til þess að ofbjóða konum jafnt sem körlum. Ísland upplifði þetta í byrjun ársins þegar fólk fór út að mótmæla af því það var óánægt með stefnu forsætisráðherra. Það leiddi til þess að ríkisstjórnin sagði af sér, það var kosið að nýju og hlutur kvenna á þingi jókst úr 31,7 % í 42 % . Og nýja ríkisstjórnin, undir forystu Jóhönnu Sigurðardóttur, fystu konunnar til að verða forsætisráðherra, hefur jafnt hlutfall karla og kvenna í ráðherrastólum.

Í Finnlandi vakti viðtal við Esko Kiesi, sölustjóra Audi, í byrjum september líflega umræðu um jafnréttismál. Kiesi líkti konum við bíla og sló því föstu að kona gæti ekki orðið yfirmaður vegna tilfinningaræmi. Það leið einn dagur og Kiesi sagði upp starfi sínu. Orð hans höfðu líka fjárhagsleg áhrif á Audi umboðið. Margar konur sem tekið höfðu Audi bíla á þjónustuleigu, sögðu upp samningnum. Staðreyndin er sú að kvenkyns yfirmenn í Finnlandi hafa notað Audi sem vinnubíl. Forstjóri fyrirtækisins, Pekka Lahti, sagði uppákomuna og umræðuna í kringum hana hafa skaðað fyrirtækið.

Í byrjun aldarinnar upphófust miklar umræður um auglýsingar um kaup á vændi og kröfur um að það ætti ekki að birta þær í blöðum. Aðalritstjóri Helsingin Sanomat tjáði sig um málið og sagði „það gildir einu hvort auglýst er vændi til sölu eða mjólk“, Konur settu tölvupóstsherferð í gang og hvöttu allar konur til að segja upp áskrift að blaðinu. Eftir nokkra daga baðst aðalritstjórinn afsökunar á ummælum sínum og tilkynnti að blaðið tæki ekki við auglýsingum um kaup á vændi. Þetta varð til þess að engin blöð auglýsa kynlífsþjónustu í Finnlandi í dag.

Þessi tegund borgaralegrar samstöðu þegar bæði konum og körlum er misboðið, vegna einhverra yfirlýsinga eða pólitískra ákvarðana, verður oft til þess að jafnrétti tekur mörg skref fram á við og augu karla og kvenna opnast fyrir óréttlæti í samfélaginu. Á sama hátt geta einhliða yfirlýsingar um jafnréttismál orðið til þess að jafnrétti verði ekki tekið alvarlega og er álitnið vera eingöngu mál kvenna. Kvinnahreyfingar og frjáls félagasamtök gegna veigamiklu hlutverki við skipulagningu borgaralegra aðgerða og í opinberri umræðu, til að leiða umræðuna áfram og til að fá stjórnmalamenn til að taka stjórnmaláákvæðanir sem gagnast bæði konum og körlum. Kvinnahreyfingin og frjáls félagasamtök hafa alltaf gegnt mikilvægu hlutverki fyrir þróun jafnréttismála á Norðurlöndum. Samtökin virka eins og varðhundur og

gera kröfur til stjórnámálanna um nýjar ákvarðanir og á rannsakendur um að koma með ný gögn og staðreyndir sem sýna hvernig körlum og konum er mismunað í þjóðfélaginu. Ofangreind dæmi sýna að konur setta sig ekki lengur við hvers kyns meðferð og að taka eigi skoðanir kvenna alvarlega. Við konur verðum að sjá til þess að verða ekki bara notaðar til þess að hreinsa til eftir kreppur og hamfarir.

Áskoranir framtíðarinnar í jafnréttismálum eru að tryggja að bæði konur og karlar komi jafnt að allri ákvarðanatöku, jafnt hlutfall karla og kvenna í ríkisstjórnnum landanna og stjórnnum fyrirtækja. Með þeim hætti er tryggður fjölbreytileiki í ákvarðanatöku og að konur og karlar deili völdum, umönnun og fjármagni.

#### *Heimildir:*

Drude Dahlerup & Lenita Freidenvall (2008), Kvotering, Stockholm, Nr. 32 Pocketbiblioteket, SNS Förlag

Global press - nordiska lösningar? Nordisk globaliseringsbarometer 2009 (2009), Köpenhamn, Nordiska ministerrådet, ANP 2009:724 ([www.norden.org/publikationer](http://www.norden.org/publikationer))

Global press – nordiska lösningar? Nordisk globaliseringsbarometer 2008, Köpenhamn, Nordiska ministerrådet, ANP 2008:727 ([www.norden.org/publikationer](http://www.norden.org/publikationer))

Innovation og mangfoldighed – Ny viden og erfaringer med medarbejderdrevet innovation (2007), København, Rådet for teknologi og innovation (Forsknings- og Innovationsstyrelsen [www.fi.dk](http://www.fi.dk))

Olli Kangas (red.) (2003), Laman varjo ja nousun huuma, Helsinki, Kansaneläkelaitos (Folkpesnionsanstalten).

Norden som en global vinderregion. På sporet af den nordiske konkurrencemodell. Årbog 2005 (2005), Köpenhamn, Nordiska ministerrådet, ANP 2005:777 ([www.norden.org/publikationer](http://www.norden.org/publikationer))

World Economic Forum, the Global Gender Gap Report 2008  
<http://www.weforum.org/en/Communities/Women%20Leaders%20and%20Gender%20Parity/GenderGapNetwork/index.htm>